

Fundargerð 551

Fimmtudaginn 28. ágúst 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Bjarmanesi á Skagaströnd. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Sex mánaða uppgjör stofnunarinnar - til afgreiðslu
2. Stjórnháttaryfirlýsing stjórnar - til afgreiðslu
3. Áhættuskýrsla annars ársfjórðungs - til kynningar
4. Staðsetning, tímasetning og dagskrá ársfundar - til afgreiðslu
5. Sóknarsjóður vegna atvinnulífs í Grindavík - til afgreiðslu
6. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
7. Lánastarfsemi Byggðastofnunar - til kynningar
8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
9. Staðfesting á öryggisstefnum upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu
10. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
11. Erindi Vigfúsar Ásbjörnssonar til stjórnar - til umræðu
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Sex mánaða uppgjör stofnunarinnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2025, könnunarskýrsla endurskoðenda og fundargerð 84. fundar endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar sem MH kynnti.

Afkoma tímabilsins er jákvæð um 242 m.kr. Eignir nema 30,4 ma.kr., skuldir nema 24,2 ma.kr og eigið fé er 6,2 ma.kr. Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki er 23,86%.

Endurskoðunarnefnd fjallaði um uppgjörið með endurskoðanda stofnunarinnar 26. ágúst sl. og leggur til við stjórn að uppgjörið verði samþykkt.

MS kynnti vinnu endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar og þá hluti sem ræddir voru á fundi nefndarinnar. Upplýst var að samningur við KPMG um innri endurskoðun stofnunarinnar væri að renna út og endurskoðunarnefnd mælti með að bjóða hana út.

Formaður bar upp tillögu um að undirbúa útboðslýsingu á innri endurskoðun stofnunarinnar og bjóða hana út. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Til máls tóku MS, SRH, HÓ.

Formaður bar upp árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2025 og var hann samþykktur samhljóða og sendur í rafræna undirritun.

2. Stjórnarháttaryfirlýsing stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um uppfærslu á stjórnarháttaryfirlýsingu auk gildandi stjórnarháttaryfirlýsingar með breytingatillögum sem MH kynnti.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp uppfærða stjórnarháttaryfirlýsingu stjórnar Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

3. Áhættuskýrsla annars ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla annars ársfjórðungs sem EHP kynnti. Eru allir skilgreindir þættir áhættu innan tilskilinna marka í áhættuskýrslu.

Til máls tóku HGÓ, VPÁ, HP, MS, HÓ, AME og HI.

4. Staðsetning, tímasetning og dagskrá ársfundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um staðsetningu, tímasetningu og efni ársfundar Byggðastofnunar 2026 sem AME kynnti.

Lagt er til að næsti ársfundur Byggðastofnunar verði fimmtudaginn 28. maí 2026 í Mýrdalshreppi eða Skaftárhreppi. Forstjóra verði falið að finna heppilegan fundarstað á þessu svæði og setja upp dagskrá í samræmi við fyrirkomulag seinustu ára.

Til máls tóku HÓ og SRH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

5. Sóknarsjóður vegna atvinnulífs í Grindavík - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasvið um sóknarsjóð vegna atvinnulífs í Grindavík auk reglna um sjóðinn sem HP kynnti.

Tilgangur sóknarsjóðs er að styðja við smærri atvinnurekendur í Grindavík með það að markmiði að horfa megi til framtíðar í rekstri í kjölfar náttúruhamfaranna.

Lagt er til að stjórn samþykki tillögur að reglum um úthlutun Byggðastofnunar á framlögum sóknarsjóðs og sendi innviðaráðherra til staðfestingar. Þá er einnig lagt til að stjórn skipi Hrund Pétursdóttur og Pétur Friðjónsson f.h. Byggðastofnunar í matsnefnd sóknarsjóðs og Skarphéðin Berg Steinarsson frá Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík (Grindavíkurnefnd). Hrund skal vera formaður matsnefndar og Pétur verkefnastjóri.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME.

Umræður urðu um afurðarsjóðsþryggingu og verður það rætt við viðkomandi ráðuneyti sérstaklega.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

6. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

HÓ vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumönnum fyrirtækja- og rekstrarsviðs um vaxtakjör stofnunarinnar sem HP kynnti.

Lagt er til við stjórn að verðtryggðir vextir, að undanskildum lánum til nýliðunar í landbúnaði og viðkvæmra byggðarlaga, verði hækkaðir um 0,25 prósentustig og að álag á REIBOR lán í flokki COSME landbúnaðarlán verði hækkað um 0,5 prósentustig til samræmis við önnur lán til landbúnaðar. Önnur vaxtakjör haldast óbreytt. Vaxtabreytingin taki gildi 1. okóber 2025.

Til máls tóku SRH, AME, HB, MS og VPÁ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

HÓ kom aftur inn á fundinn.

7. Lánastarfsemi Byggðastofnunar - til kynningar

HP kynnti lánastarfsemi stofnunarinnar. AME upplýsti um stöðuna á EIF ábyrgðasjóðnum og að þegar hann klárast munu veðsetningahlutföll nýrra lána sem heyra undir InvestEU samkomulagið fylgja almennum veðsetningarhlutföllum samkvæmt lánareglum, allt þar til og ef EIF samþykkir aukið framlag inn í ábyrgðasamkomulagið. Stefnt er að fundi með fulltrúum EIF í september til þess að ræða framhaldið.

HP upplýsti að stofnunin væri í viðræðum við fjármála- og efnahagsráðuneytið um aukningu á lántökuheimild í fjáraukalögum, en aldrei hefur eftirspurn í lánveitingar Byggðastofnunar verið meiri. Sú mikla aukning hefur nánast fullnýtt 5 ma.kr. lántökuheimild ársins. Fram að þeim tíma muni stofnunin samþykkja lán með fyrirvara um fjármögnun.

Ræddir voru lánaflokkar auk fyrirkomulags á sértækum byggðakvóta.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk HP, AME og SEP.

Stjórn telur mikilvægt að skipaður verði faglegur starfshópur um framtíðar fyrirkomulag svokallaðs 5,3% byggðakerfis í sjávarútvegi.

Formaður gerði hlé á fundi milli kl. 11:56 og 12:33.

8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

...

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 21/25-28/25 sem HP reifaði.

9. Staðfesting á öryggisstefnum upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um staðfestingu á öryggisstefnum tengdum upplýsingaöryggi, stefnur Byggðastofnunar tengdar upplýsingaöryggi og leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila sem MH kynnti.

Skv. leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2019 skal stjórn eftirlitsskylds aðila setja stefnu eða eftir atvikum stefnur þar sem fram koma m.a. markmið með og öryggiskröfur til reksturs upplýsingakerfa.

Lagt er til að stjórn staðfesti aðgangsstefnu, fjarvinnustefnu, útvistunarstefnu, öryggisstefnu og öryggisafritunarstefnu.

Til máls tóku MS, SRH og AME.

Rætt var um að stofnunin fái sér til aðstoðar sérfræðinga til að yfirfara stefnurnar fyrir næstu endurskoðun þeirra.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

10. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd verkefna skv. starfsáætlun og staða rekstrar 31. júlí 2025 sem AME og SEÞ kynntu.

Til máls tóku MS og SRH.

11. Erindi Vigfúsar Ásbjörnssonar til stjórnar - til umræðu

Fyrir fundinum liggur erindi Vigfúsar Ásbjörnssonar til stjórnar Byggðastofnunar sem hann kynnti og lagði til umræðu.

- farið verði fram á að úthlutanareglum sértæks byggðarkvóta verði breytt
- að búinn verði til nýr lánaflokkur hjá Byggðastofnun í anda lánaflokks kynslóðaskipta í landbúnaði nema þessi lánaflokkur myndi styðja við kynslóðaskipti og/eða nýliðun í sjávarútvegi
- að umsagnir þær sem Byggðarstofnun sendir inn vegna þingmála verði sendar á stjórn Byggðarstofnunar

SEÞ upplýsti að stefna stjórnvalda í byggðamálum sem fram kemur í gildandi byggðaaætlun, stefnumörkun Byggðastofnunar og starfsáætlun séu höfð að leiðarljósi í umsögnum stofnunarinnar um þingmál og mál sem eru til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda.

Ákveðið var að stjórn Byggðastofnunar fái send afrit af umsögnum þegar þær séu sendar inn til áramóta.

Rætt var um eftirlitshlutverk og eftirlitsgetu stofnunarinnar með aflamarki Byggðastofnunar. Kynning og ársskýrsla aflamarks Byggðastofnunar er á dagskrá stjórnarfundar í október.

Til máls tóku SRH, SEÞ, AME, HGÓ, MS, HB og HÁ.

12. Önnur mál

AME upplýsti um fasteign að Fjarðarbraut 41 á Stöðvarfirði sem Byggðastofnun eignaðist á uppboði í sumar og áform stofnunarinnar um nauðsynlegar framkvæmdir við húsið og vinnu að nýtingu þess í samvinnu við heimamenn og aðra hagaðila.

Til máls tóku MS, HI, SRH og VÞÁ.

13. Næsti fundur

Næsti fundur verður samkvæmt starfsáætlun 24. september á Reykhólum.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 14:10

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vígfús Þórarinn Ólafsson